

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Sundahöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 7. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða í Sundahöfn. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreitum lóðanna nr. 4 og 6 við Sundabakka og nr. 3 við Sægarða ásamt gerð nýs hafnarbakka utan við Klepp í samræmi við núgildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ferjuvogur 2, Vogaskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 30. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi Vogaskóla. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir skólann er stækkaður og byggingarmagn skólahúsnæðis er aukið. Fallið er frá því að minnka bíla-kjallara og fækka bílastæðum á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lyngháls 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 13. júní 2014 breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur við vesturlóðarmörk næst Hálsabraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. júní 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. júlí 2014